

## Yfirlýsing um samstarf og fyrirhugað yfirtökutilboð í hlutabréf, útgefin af Skeljungu hf.

### *Announcement relating to parties acting in concert and a proposed takeover bid for outstanding shares in Skeljungur hf.*

8. nóvember 2020

Félögin RES 9 ehf., kt. 590318-0940, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík („RES 9“), 365 hf. kt. 480702-2390, Laugavegi 1b, 101 Reykjavík („365“), eða dótturfélag í eigu 365 og RPF ehf. kt. 510108-1160, Skeifunni 17, 108 Reykjavík („RPF“) (sameiginlega nefndir „samstarfsaðilar“) tilkynna hér með að frá og með deginum í dag er komið á samstarf milli nefndra félaga í skilningi 1. og 2. mgr. 100. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 („vvl.“) er varðar hlutabréf, útgefin af Skeljungu hf., kt. 590269-1749, Borgartúni 26, 105 Reykjavík („Skeljungur“).

*RES 9 ehf, ID No. 590318-0940, Katrinartun 2, 105 Reykjavik (“RES 9“), 365 hf, ID No. 480702-2390, Laugavegur 1b, 101 Reykjavik (“365“), or a subsidiary of 365, and RPF ehf., ID No. 510108-1160, Skeifan 17, 108 Reykjavik (“RPF“) (together the “Concert Parties“) hereby announce that as of today the Concert Parties are acting in concert as defined in Article 100(1) and (2) of the Securities Act No. 108/2007 (the “Securities Act“), in relation to shares issued by Skeljungur hf., ID No. 590269-1749, Borgartun 26, 105 Reykjavik (“Skeljungur“).*

Hafa samstarfsaðilar gert með sér samkomulag um að leggja eignarhluti sem nefnd félög fara með rétt yfir í Skeljungu til Strengs ehf., kt. 410920-1230, Laugavegi 1b, 101 Reykjavík („félagið“). Samstarfsaðilar munu verða hluthafar í félaginu í eftirfarandi eignarhlutföllum:

<b>RES 9</b>	<b>38%</b>
<b>365</b>	<b>38%</b>
<b>RPF</b>	<b>24%</b>

*The Concert Parties have entered into an agreement stipulating the transfer of their shares in Skeljungur to Strengur ehf., ID No. 410920-1230, Laugavegur 1b, 101 Reykjavik (the “Company“). The Concert Parties will hold shares in the Company in the following proportions:*

<b>RES 9</b>	<b>38%</b>
<b>365</b>	<b>38%</b>
<b>RPF</b>	<b>24%</b>

Félagið mun samkvæmt framangreindu fara með eignar- og atkvæðisrétt fyrir samtals 716.116.288 hlutum í Skeljungu eða sem samsvarar 36,06% af heildarhlutafé Skeljungs, eða 36,88% af útistandandi hlutum, þegar tekið hefur verið tillit til eigin hluta. Þar sem samstarfsaðilar hafa sameiginlega eignast meira en 30% atkvæðisrétt í Skeljungu hefur myndast tilboðsskylda, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 100. gr. vvl. Mun öllum hluthöfum Skeljungs því gert yfirtökutilboð innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessarar tilkynningar, til samræmis við X. kafla vvl.

*The Company will, in accordance with the above, hold title and voting rights to a total of 716,116,288 shares in Skeljungur, amounting to 36.06% of the total issued shares in Skeljungur, or 36.88% of*

*outstanding shares in Skeljungur, taking into account treasury shares. As the Concert Parties have jointly acquired over 30% of the voting rights in Skeljungur a mandatory takeover bid obligation has been triggered as per Article 100(1)(1) of the Securities Act. Accordingly a takeover bid will be submitted within four weeks from the date of this announcement in accordance with chapter X of the Securities Act.*

Yfirtökuverðið mun hljóða upp á 8,315 kr. á hlut og er yfirtökuverðið ákvarðað til samræmis við 2. mgr. 103. gr. vvl., sem er 6,6% yfir lokagengi síðasta viðskiptadags.

*The takeover price will be ISK 8.315 per share and is determined in accordance with Article 103(2) of the Securities Act, which represents a 6.6% premium on the closing price on the last day of trading.*

RES 9 er í eigu RES II ehf., sem er í eigu Sigurðar Bollasonar og Nönnu Bjarkar Arngrímsdóttur, og No. 9 Investments Limited. Munu hlutir sem RES II ehf. og No. 9 Investments Limited fara með í Skeljungu framseldir til RES 9, sem síðan mun framselja hlutina til félagsins.

*RES 9 is owned by RES II ehf, which in turn is owned by Sigurdur Bollason and Nanna Björk Arngrimsdottir and No. 9 Investments Limited. All Skeljungur shares held by RES II ehf. And No. 9 Investments Limited will be transferred to RES 9, which in turn will transfer such shares to the Company.*

365 er í eigu Ingibjargar Pálmadóttur. Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Skeljungs, er eiginmaður Ingibjargar Pálmadóttur og varamaður í stjórn 365. Munu hlutir í Skeljungu sem 365 fer með yfirráð yfir framseldir til félagsins.

*Ingibjorg Palmadottir is the majority shareholder of 365. Jon Asgeir Johannesson, the Chairman of Skeljungur, is the husband of Ingibjorg Palmadottir and a deputy director of 365. All Skeljungur shares controlled by 365 will be transferred to the Company.*

RPF er í jafnri (50/50) eigu Loran ehf. sem er í eigu Þórarins A. Sævarssonar, sem er stjórnarmaður í Skeljungu, og Premier eignarhaldsfélags, sem er í eigu Gunnars Sverris Harðarsonar. Munu hlutir í Skeljungu, sem Loran ehf. fer með yfirráð yfir og hlutir í Skeljungu, sem Premier eignarhaldsfélag ehf. fer með yfirráð yfir, framseldir til RPF og allir hlutir RPF í Skeljungu síðan framseldir til félagsins.

*RPF is jointly owned Loran ehf., which is owned by Þórarinn A. Sævarsson, who is a director of Skeljungur, and Premier eignarhaldsfélag, which is owned by Gunnar Sverrir Harðarson. All shares in Skeljungur held by Loran ehf., as well as all shares held by Premier eignarhaldsfélag ehf., will be transferred to RPF, which in turn will transfer such shares to the Company.*

Arion banki hf. og Íslandsbanki hf. hafa verið ráðnir sem umsjónaraðilar með yfirtökutilboðinu.

*Arion banki hf. and Íslandsbanki hf. have been instructed to act as advisors in relation to the takeover bid.*

Nánari upplýsingar veitir Jón Skaftason, framkvæmdastjóri Strengs ehf.; [jsk@strengur.is](mailto:jsk@strengur.is)

*For further information please contact Jon Skaftason, the managing director of Strengur ehf.; [jsk@strengur.is](mailto:jsk@strengur.is)*